

Frá fundi umhverfis- og skipulagsráðs 25. september 2024:

Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um hólma í ofanvatnstjörn norðan við Breiðholtsbraut

Flokkur fólksins leggur til að í þeirri ofanvatnstjörn sem koma á fyrir norðan við Breiðholtsbraut verði gerður hólmi í þeim tilgangi að búa fuglum öruggt griðland.

Greinargerð

Í Reykjavík eru margar tjarnir, flestar manngerðar. Sumar tjarnir eru til að jafna streymi leysingavatns, eða og hindra að leysingavatn af götum fari beint t.d. út í Elliðaár, (settjarnir) en aðrar til að fegra umhverfið. Tjarnir þurfa umhirðu og þrif í kringum þær og mikilvægt er að gerður verði hólmi í tjarnir til að mynda friðland fyrir fugla. Hólmar eru í raun einn af fáum stöðum þar sem þeir eru í vari t.d. fyrir köttum.